

Stjórnarfundur LSG (6)

Landeigendafélag Sléttu – og Grunnavíkurrepps

11.2.2019

Kl. 17:00

Boðaður af	Ingvi Stígsson formaður	Fundur	Stjórnarfundur nr. 6
Fundarstaður	Borgartún 30a, 5h.	Fundarritari	Gunnar H. Kristjánsson
Viðstaddir:	Ingvi Stígsson formaður (IS), Sölvi Sólbergsson varaformaður (SS), Gunnar H. Kristjánsson (GHK) stjórnarmaður, Margrét Katrín Guðnadóttir (MKG) stjórnarmaður, Finnbjörn A Hermannsson (FAH) stjórnarmaður, Halldóra Kristinsdóttir (HK) varamaður, Sigrún Þorvarðsdóttir (SÞ) varamaður		

Fundargerð

Fundarliður 1:	Hesteyri, þjónustuhús - deiliskipulag. Erindi frá Ísafjarðarbæ Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir fundi með Landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurrepps og Umhverfisstofnun.
Niðurstöður:	Umhverfisstofnun vill byggja þjónustuhús á Hesteyri en það vantar deiliskipulag fyrir Hesteyri til þess að það sé hægt. Mynda þarf stýrihóp á hverju svæði fyrir sig varðandi gerð deiliskipulags. Ísafjarðarbær myndi leiða þessa hópa. Fulltrúi frá skipulagsfulltrúa þarf að vera í hópnum. Hver á að ákveða hverjir eru í kjarnahóp um rammaskipulag? Lagt er til að Sölvi mæti á fund fyrir hönd LSG. Lagt er til að LSG mæli ekki með að ferðaþjónustuaðilar verði í þessum hóp sem verður myndaður fyrir Hesteyri. LSG fagnar þessu erindi frá Ísafjarðarbæ. Sölvi verður tengiliður LSG við þessa vinnu til byrja með.
Fundarliður 2:	Félagsfundur á Ísafirði í byrjun mars. Formaður gerir tillögu um að halda félagsfund fyrir félagsmenn á Ísafirði og nágrenni.
Niðurstöður:	Ingvi (IS) og Sölvi (SS) ákveða dagsetningu fyrir félagsfund á Ísafirði.
Fundarliður 3	Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar - endurnýjun
Niðurstöður:	Ísafjarðarbær er að fara í útboð varðandi aðalskipulagsgerð fyrir Ísafjarðarbæ. Ísafjarðarbær ætlar að ráða verktaka í það verkefni. LSG mun undirbúa málið fyrir aðalfund. Teknar verða upp umræður um þetta á næsta stjórnarfundum LSG.
Fundarliður 4	Hornstrandanefnd
Niðurstöður:	Ingvi (IS) fór lauslega yfir störf Hornstrandanefndar á starfsárinu. Verndar- og stjórnaráætlun er komin til Umhverfissráðuneytis.
Fundarliður 5	Önnur mál; Fundargerðarbækur.
Niðurstöður:	Gunnar (GHK) mun upplýsa þegar eldri fundargerðir eru komnar á Þjóðskjalasafn.

Fundarliður 6 Önnur mál; Fundargerð nr. 5.

Niðurstöður: Fundargerð nr. 5 samþykkt. Samþykkt að samþykkja fundargerðir með tölvupósti.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 18:30.